

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1913.

Opíð brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 13. febrúar 1913 (A nr. 1, bls. 2—3).

Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 18. febrúar 1913 (A nr. 2, bls. 4—5).

Opíð brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifuð af konungi 23. febrúar 1913 (A nr. 3, bls. 6—7).

Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 27. febrúar 1913 (A nr. 4, bls. 8—9).

Opíð brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1913, undirskrifað af konungi 1. apríl 1913 (A nr. 5, bls. 10—11).

Opíð brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 20. apríl 1913 (A nr. 6, bls. 12—13).

Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 25. apríl 1913 (A nr. 7, bls. 14—15).

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík, um innflutning á hundi.

73

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Forberg landssímastjóra um, að hon- 8. apríl um verði leyft að flytja hjer í land hund frá Noregi. Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þess með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hundinum fylgi vottorð dýralæknis í Noregi um, að hann hafi verið heill heilsu við útskipun þar í landi, og að hann verði fluttur hingað beina leið.
2. Að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur hjer á land, og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga.
3. Að hundinum sje haldið í sóttkvi, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum landssímastjóra hefir verið tilkynnt þetta hjeðan.